

Alþingi
Fjárlaganefnd
sent rafrænt nefndasvid@altingi.is

Umsögn. Fjármálaáætlun 2018-2022, mál 402

Fjórðungssamband Vestfirðinga harmar að í forsendum ríkisfjármálaáætlunar er ekki tekið tillit til mismunandi stöðu landshluta er varðar efnahagslega og samfélagslega þróun. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að þær efnahagslegu aðgerðir sem lagað eru til í áætluninni muni leiða til skaða byggð og atvinnulíf á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga skorar því á stjórnvöld að endurskoða Fjármálaáætlun 2018-2022 og leggur fram minnisblað til stuðnings þessa efnis.

Ísafirði 5. maí 2017
f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarson, framkvæmdastjóri

Viðauki.
Minnisblað. fundur vegna fjármálaáætlunar 2018-2022 (haldinn með fjárlaganefnd 26. apríl 2017)

MINNISBLAÐ

TIL: FJÁRLAGANEFND ALÞINGIS

**EFNI / TILEFNI: FUNDUR MEÐ FV OG SVEITARFÉLÖGUM Á
VESTFJÖRÐUM VEGNA FJÁRMÁLAÁÆTLUNAR
FYRIR 2018 - 2022**

DAGSETNING: 26. 4. 2017

Á fundinum eru, af hálfu FV, lagðar fram til grundvallar tvær nýlegar skýrslur, stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem kláruð var á haustmánuðum 2016 og staðfest af öllum aðildarfélögum FV og síðan aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði, unnin fyrir forsætisráðuneytið, útgefin á haustmánuðum 2016.

Þessar skýrslur eru samhljómandi og tala fyrir hugmyndum og áætlunum Vestfirðinga til að sporna við neikvæðri hagvaxtar – og íbúaþróun sem einkennt hefur fjórðunginn síðastliðinn áratug. Í greiningu aðgerðaráætlunar fyrir Vestfirði kemur eftirfarandi fram;

„Nefndin leggur áherslu á að flýta þurfi uppbyggingu innviða á Vestfjörðum og vinna markvisst að því að gera svæðið samkeppnishæft við aðra landshluta sem búsetukost, fyrir fyrirtæki á samkeppnismarkaði og í samgöngum. Skortur á sterkum innviðum hefur staðið fjölbreyttum atvinnutækisferum fyrir þrífum og þar sem nútímasamskiptatækni skortir er landshlutinn í verri samkeppnisstöðu til að laða að yngra fólk til búsetu. Tryggja þarf í fjárlögum næstu ára að lögð verði áhersla á eflingu innviða á Vestfjörðum á sviði orku, samgangna og fjarskipta. Styttri vegalengdir milli byggðakjarna og öruggari vegir skapa möguleika á stærri og lífvænlegri atvinnu- og búsetusvæðum. Öryggi í orkumálum, bættar samgöngur og bætt fjarskipti ásamt framboði á góðri menntun og tryggri heilbrigðisþjónustu eru allt þættir sem veita fólki á öllum aldri öryggi og bæta búsetuskilyrði. Þættir sem þykja sjálfsgöð lífsgæði í nútímasamfélagi verða að vera til staðar á Vestfjörðum eigi atvinnulíf og samfélag að geta dafnað.“

Þá segir einnig:

„Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um langt skeið. Ákveðin viðsnúningur varð á áttunda áratugnum og fram undir miðjan níunda áratuginn, en síðan þá hefur íbúum fækkað á hverju ári. Þann 1. janúar 2016 voru íbúar 6883 talsins, 1. janúar 2008 voru þeir 7238 og 1. janúar, 1998, 8556 talsins. Fækkun er í öllum aldursbópum frá 0-50 ára en fjölgun í þeim eldri. Íbúar af erlendum uppruna nema um 10% mannfjöldans á svæðinu.“

„Líkast til eru fjölmargar ástæður fyrir því að íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað. Í vinnu nefndarinnar og viðtölum hennar við sveitarstjórnarmenn, forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana var ýmislegt talið upp sem möguleg orsök. Þar kom m.a. fram að fábreytt atvinnulíf leiðir til þess að íbúar eiga erfitt með að skipta um störf og þegar nýir íbúar vilja koma inn á svæðið, sérstaklega fjölskyldufólk sem hafa sótt sér háskólamenntun, eiga erfitt með að fá vinnu fyrir báða aðila. Samgöngur voru einnig mikið nefndar. Eins og staðan er í dag er í raun ekki hægt að tala um Vestfirði sem eitt þjónustusvæði. Á veturna eru samgöngur milli suðursvæðis, norðursvæðis og Stranda og Reykhólahrepps þannig að ekki er hægt að sækja vinnu á milli þessara svæða. Hafa þjónustustofnanir og samstarf fyrirtækja innan svæðisins,

sérstaklega í lykilatvinnugreinum eins og sjávarútvegi, fiskeldi og ferðaþjónustu átt mjög erfitt sökum þessa.“

Tvö megin vandamál og verkefni Vestfirðinga, veikburða og eintóna atvinnulíf skapar minni hagvöxt samanborið við landshagvöxt, og neikvæð íbúaþróun.

Ef svæðin í fjórðunginum eru skoðuð sérstaklega kemur eftirfarandi í ljós;

Sunnanverðir Vestfirðir

Svæði þar sem íbúum hefur fjölgað frá árinu 2010 eftir viðvarandi fækkun frá miðjum níunda áratugnum. Fjöldi íbúa var 1280 þann 1. janúar 2016, 1223 þann 1. janúar 2008 og 1581 þann 1. janúar 1998. Fækkun frá árinu 1998 er því um 20%.

Tekjumyndum hefur aukist á ári hverju frá árinu 2008 (8,4 milljarðar) til ársins 2014 (13,9 milljarðar) um 65%, eða um 5,5 milljarða.

Skilgreining; Vaxtarsvæði með verulega aukna tekjumyndum og fjölgun íbúa. Fjöldi íbúa er þó langt frá því sem mest var.

Norðanverðir Vestfirðir

Svæði með viðvarandi fólksfækkun frá miðjum níunda áratugnum, mest á tíunda áratugnum. Fjöldi íbúa var 4711 þann 1. janúar 2016, 5098 þann 1. janúar 2008 og 5787 þann 1. janúar 1998. Fækkun frá árinu 1998 er því um 19%. Mest er fækkun í minni byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar og er búseta þar orðin viðkvæm.

Tekjumyndun hefur aukist á ári hverju frá árinu 2008 (35,9 milljarðar) til ársins 2013 (49,2 milljarðar) en minnkaði á árinu 2014 (46,3 milljarðar). Hlutfallsleg aukning frá árinu 2008 til 2014 nemur 19%, eða um 10,4 milljörðum.

Skilgreining; Svæði í hægum vexti en dregst aftur úr öðrum svæðum. Stöðug fækkun íbúa en mismikil eftir byggðakjörnum. Sjáanleg vaxtarfæri á sömu forsendum og á sunnanverðum Vestfjörðum en óvíst að það nái til allra byggðakjarna.

Strandir og Reykhólahreppur

Svæði með viðvarandi fólksfækkun frá miðjum níunda áratugnum. Fjöldi íbúa var 892 þann 1. janúar 2016, 917 þann 1. janúar 2008 og 1188 þann 1. janúar 1998. Fækkun er meiri á Ströndum en í Reykhólahreppi þar sem íbúum hefur tekið að fjölga á ný á síðustu árum. Staða Árneshrepps og Kaldrananeshrepps er hér einna verst í þessu samhengi. Tekjumyndun jókst frá árinu 2008 til ársins 2011 (9,2 milljarðar) en síðan hefur dregið úr henni og nam hún 7,1 milljarði árið 2014 og er hún nú sú sama og árið 2008 eða um 7,1 milljarður.

Skilgreining; Svæði í stöðnun eða afturför tekjulega og stöðug fækkun íbúa.

Tillögur Vestfirðinga, sem birtast m.a. í Vestfjarðaskýrslunni, áætlun úr vörn í sókn, má flokka í fjóra megin þætti:

- Fjölga íbúum
- Fjölga störfum

- Nýta sóknarfæri og auka þannig verðmætasköpun
- Treysta byggð með eflingu innviða

Hér verða upptalin áhersluverkefni sem mikilvægt er fái brautargengi í fjármálaáætlun alþingis 2018 – 2022.

Verkefnalistinn endurspeglar áherslur fjórðungsins, og koma fram í Vestfjarðasýrslunni, Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum og Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sérstök tækifæri í vaxtargreinum

Mörg tækifæri eru til sóknar á Vestfjörðum. Vöxtur í fiskeldi hefur verið mikill undanfarin ár og á þessu ári er gert ráð fyrir að um 150 manns starfi við fiskeldi á svæðinu, auk afleiddra starfa. Gert er ráð fyrir því að um 7000 tonnum verði slátrað af laxfiskum sem skapar veltu upp á tæplega fimm milljarða króna. Fiskeldi er þar af leiðandi nú þegar orðin stór atvinnugrein á Vestfjörðum og hefur möguleika á að verða enn stærri. Gangi áform um enn meiri aukningu eftir má gera ráð fyrir því að um 400 manns muni hafa beina atvinnu af fiskeldi innan fárra ára.

Ferðapjónustan er síðan önnur atvinnugrein sem er í vexti en á eftir að ná að styrkjast og vaxa á Vestfjörðum, en ef vel er á málum haldið þá verður hún ein af lykilatvinnugreinum á svæðinu. Atvinnugreinin hefur einnig þann kost að uppbygging getur átt sér stað jafnt í dreifbýli sem þéttbýli og styrkir þannig búsetu í fámennum og en landfræðilega stórum svæðum.

Fiskeldi

Lagt er til að stjórnvöld taki ákvörðun um að staðsetja störf í stöðkerfi fiskeldis fyrir landið allt á Vestfjörðum og að þar verði svokölluð miðstöð fiskeldis staðsett til framtíðar. Þar er um að ræða störf á sviði stjórnsýslu, eftirlits og rannsókna frá t.d. Mátis, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnun og annarri rannsóknarstarfsemi tengdri fiskeldi.

Lögsetja þarf fyrirkomulag strandsvæðaskipulags og ljúka framkvæmd burðarþolsrannsókna á Vestfjörðum. Tryggja þarf að nægjanlegt fjármagn sé til að ljúka þessum verkefnum á sem skemmstum tíma. Á grundvelli slíkrar vinnu á að vera mögulegt að skipuleggja til framtíðar litið nýtingu og verndun strandsvæða við Vestfirði. Þannig verði tryggt aðgengi nýrra atvinnugreina, s.s. fiskeldis að strandsvæðum en í samráði við annað atvinnulíf og samfélög á svæðinu.

Eitt af meginvandamálum vestfirskra sveitarfélaga er tekjuvandi. Fiskeldi er í hraðri uppbyggingu og til framtíðar litið verður það ein af meginstöðum atvinnulífs á Vestfjörðum. Skattumhverfi þessara atvinnugreina er sömuleiðis í mótun. Í þeim efnum ber að leggja ríka áherslu á að tryggja það að tekjur af fiskeldisauðlindinni renni í dag og til framtíðar litið til viðkomandi sveitarfélaga. Samfélögin njóti því nálægðar við nýtingu auðlindarinnar og sveitarfélögin hafi fjárhagslega burði til að byggja upp öflug samfélög og gott umhverfi fyrir fiskeldisfyrirtækin að starfa í.

Uppbygging fiskeldis tekur tíma og leyfisveitingaferlið getur tekið nokkur ár. Hér ber að vanda til verka og tryggja að allur sá ferill gangi fram lögum samkvæmt. Mikilvægt er því að stjórnvöld tryggi að stofnanir sem um þessi mál fjalla fái til þess nauðsynlegt fjármagn til að geta unnið vandaða vinnu en um leið staðið við lögbundin tímamörk.

Ferðapjónusta

Lögð er áhersla á að stjórnvöld fylgi eftir forgangsmálum sem sett eru fram í Vegvísi í ferðaþjónustu, sér í lagi að útfærðar séu leiðir til að sveitarfélög hafi tekjur af auknum ferðamannafjölda. Sveitarfélögin þurfa oft að bera mikinn kostnað vegna uppbyggingar og reksturs ferðamannastaða en tekjurnar eru oft takmarkaðar og óbeinar.

Annað forgangsmál sem sett er fram í Vegvísinum er að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðaþjónustu og spám um áframhaldandi aukningu ferðamanna. Það er ljóst að samgöngumál eru takmarkandi þáttur í áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu og lengingar ferðamanttímabilsins á Vestfjörðum.

Eitt af meginvandamálum ferðaþjónustu á Vestfjörðum er að hún er samansett af mörgum mjög litlum fyrirtækjum. Það eru fáir sterkir aðilar sem geta dregið lestina þegar kemur að uppbyggingu, fjárfestingu, markaðssetningu og hagsmunagæslu. Vegna smæðar fyrirtækjanna þarf því stöðkerfið að vera enn sterkara, en í dag stendur stöðkerfi atvinnu- og ferðamála höllum fæti vegna lækandi framlaga hins opinbera. Til þess að hægt sé að ná settum árangri í dreifingu ferðamanna verður að tryggja sterkt bakland fyrir ferðaþjónustufyrirtækin á svæðinu. Það má t.d. gera með gerð svæðisbundinnar stjórnunaráætlunar (DMP) líkt og nefndin leggur til í einstökum verkefnum hér síðar í skýrslunni. Vestfirðir til framtíðar – styrking innviða

Samgöngur og fjarskipti

Hagkerfi og vaxtarmöguleikar Vestfjarða líða fyrir það að vegir eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gengur og gerist annars staðar á landinu. Hringtengingu ljósleiðara verður lokið á árinu 2016 en tenging dreifbýlis hefur beðið. Tillögur í samgönguáætlun 2015-2018, sem nú eru til umræðu á Alþingi, eru í kostnaðarmati Vegagerðarinnar metnar á 14-16 milljarða. Þær tillögur sem hafa komið til nefndarinnar til viðbótar, varðandi jarðgöng, endurbyggingu núverandi vega til nútímaforms, hafnir, flugvelli, ferðamannavegi og heildarúrlausn í samgöngumálum Árneshrepps, eru metnar á um 40 milljarða.

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er algjör forsenda fyrir því að atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum nái að þróast og standast þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi. Samhliða þarf að ljúka lagningu ljósleiðara í dreifbýli út frá stofnleiðum, þar sem heilsársbúseta eða heilsársstarfsemi er fyrir hendi. Sveitarfélögum á Vestfjörðum stendur eins og öðrum sveitarfélögum til boða að sækja um styrk til verkefnisins „Ísland ljóstengt“. Áætlaður kostnaður við verkefnið miðað við 99,9% tilgreindra staða eru 4 milljarðar, en í fjármálaáætlun 2017-2021 eru áætlaðir um 2,5 milljarðar. Hér blasir við að vegna landfræðilegra aðstæðna (dreifbýlis og fámennis) verður kostnaður við tengingar á Vestfjörðum mun dýrari en víðast á landinu. Hætta er á að sveitarfélög á Vestfjörðum standi því verr næstu árin þegar kemur að því að keppa um fjármagn úr verkefnasjóði „Ísland ljóstengt“. Nauðsyn er því á að setja sérstakt fjármagn til að flýta framkvæmd mála á Vestfjörðum á árunum 2017 og 2018.

Við lagningu ljósleiðara aukast möguleikar umtalsvert á hagnýtingu þeirra tækifæra sem þróun stafrænnar tækni býður. Mikilvægt er að hafa í huga að það að hafa aðgengi að tækninni tryggir ekki hagnýtingu. Hin stafræna tækni er farartæki í nýsköpunar á öllum sviðum og mikilvægt er að lagningu ljósleiðara fylgi öflug eftirfylgni til að öll stjórnsýsla, skólar, almennigur og fyrirtæki geti nýtt sér þá möguleika og þannig orðið samkeppnishæfari en ella. Hægt væri að hugsa sér Vestfirði sem nokkurs konar „tilraunasvæði“ þar sem nokkuð hratt væri gengið til að uppfæra svæðið þannig að stafræn tækni væri hagnýtt við endurskipulagningu ferla og samskipta sveitarfélaga, almennings og fyrirtækja. Útfærð væru „maker spaces“ um allt svæðið, aðgengi að ráðgjöf og þjónustu væri tryggt og hægt væri að styðja sveitarfélög og fyrirtæki við innleiðingu tækninnar. Til þess að svo megi verða þarf

bæði þekkingu og fjármagn. Forsendur árangurs við hagnýtingu stafrænnar tækni er langtíma stefnumótun og áætlanagerð, þarfagreining á tækjum og hugbúnaði, endurskipulagning ferla, skuldbinding og áhugi stjórnenda og þjálfun á öllum stigum. Aðgerð sem þessi er nýstárleg, horfir til framtíðar og gæti tryggt hugvitssamlegri nýtingu auðlinda til framtíðar.

Vesturbyggð er eina sveitarfélagið á Íslandi með fleiri en 1000 íbúa sem ekki er tengt höfuðborgarsvæðinu með vegi með bundnu slitlagi. Vegasamgöngur innan Vestfjarða eru óviðunandi, tenging milli suður- og norðursvæðis er engin og vegurinn í raun og veru ónýtur. Með þetta í huga er mikilvægt að samgöngubætur á Vestfjörðum njóti sérstaks forgangs í þeirri samgönguáætlun sem liggur fyrir á Alþingi, jafnvel þannig að gerð verði svæðisbundin samgönguáætlun fyrir Vestfirði. Markmið hennar er að á næstu átta árum verði samgöngur svæðisins í sama horfi og annars staðar á landinu. Þau verkefni sem horfa ætti til að ljúka eru:

- Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit
- Dýrafjarðargöng/Dynjandisheiði
- Bíldudalur/Dynjandisheiði
- Endurbygging á veginum Álftafjörður-Hestfjörður
- Rannsóknir á göngum undir Klettsháls-Hálfðán-Mikladal
- Álftafjarðargöng
- Endurbygging Innstrandavegar 68
- Endurbætur á Strandavegi norður í Árneshrepp
- Hafnarmál

Umfangsmikil fiskeldisuppbygging og annar iðnaður er í kortunum á svæðinu og því þarf að tryggja að hið opinbera tryggi fjármögnun lögbundinna framlaga sinna til þessa málaflokks til móts við sveitarfélög. Nefnt hefur verið í því sambandi uppbygging vegna fiskeldis í Bolungarvík og víðar, dýpkun hafnar og bygging hafnarkants á Ísafirði vegna skemmtiferðaskipa og annars iðnaðar og kalkþörungarverksmiðju í Súðavík. Auk þess er augljós þörf á stórskipahöfn á sunnanverðum Vestfjörðum. Mikilvægt er að sveitarfélögin komi sér saman um forgangsöröðun, samnýtingu hafna og staðsetningu framkvæmda.

Orkumál

Í kjölfarið á tengipunkti í Ísafjarðardjúpi fyrir Hvalárvirkjun, Austurgilsvirkjun og fleiri virkjanakosti við Djúp, er mikilvægt að stjórnvöld setji þá pólitísku stefnumörkun strax að unnið verði að tengingu frá tengipunktinum til Ísafjarðar. Með því næst hringtenging á fjörðunum eða svokölluð n-1 tenging sem veldur stórbættu raforkuöryggi og gefur kost á uppbyggingu á svæðinu.

Fyrir liggur áhugi á byggingu kalkþörungarverksmiðju í Súðavík en núverandi raforkukerfi ber ekki flutning á orku til verksmiðjunnar. Með því að hefja hringtengingaverkefnið með lagningu strengs á milli Ísafjarðar og Súðavíkur gæti þetta verkefni orðið að veruleika með verulega jákvæðum byggðaáhrifum.

Ótrygg orka fer minnkandi á markaði og ef ekkert verður að gert mun húshitunarkostnaður á Vestfjörðum fara úr böndunum þrátt fyrir nýtt frumvarp um niðurgreiðslu á flutningskostnaði raforku. Þar sem rafkynntar hitaveitur OV hafa varaafli í formi olíukatla er kerfið mjög sveigjanlegt gagnvart tímabundinni skerðingu og getur brugðist mun hraðar við en stórnotendur sem þurfa langan aðlögunartíma vegna edli sinnar starfsemi. Lausnin er væntanlega langtímasamningar við Landsvirkjun. Aukning á nýtingu jarðhita til húshitunar minnkar þörf fyrir slíkan samning.

Orkusjóður veitir fjármagn til jarðhitaleitar, enda eru slíkar framkvæmdir of áhættu- og kostnaðarsamar fyrir lítil sveitarfélög, en á sama tíma mikið hagsmunamál fyrir byggðina á

svæðinu. Orkusjóður er hins vegar fjárvana og því er nauðsynlegt að setja þar inn fjármuni en sem verði sérstaklega ætlaðir til jarðahitaleitar á Vestfjörðum.

Húsnæðismál á Vestfjörðum

Er hagkvæmt fyrir mig að byggja á Vestfjörðum? Þetta er spurning sem einstaklingar, fólk í sambúð spyr sig að. Þetta er grundvallarmál, samhliða væntri framþróun í atvinnulífi á Vestfjörðum á komandi árum. Fyrir liggur hins vegar vandi er felst í markaðsbresti á fasteignamarkaði, en markaðsverð íbúðarhúsnæðis hefur á undanförunum árum verið um 20%-35% af áætluðum byggingarkostnaði. Við nánari greiningu á markaðinum kemur fram að flestir sækjast eftir búsetu í þéttbýli en framboð á húsnæði er mest í dreifbýli. Í þéttbýli eru allar íbúðir í notkun sem eignaríbúðir eða til útleigu og í vaxandi mæli nýtt sem frístundahús eða til útleigu fyrir ferðamenn. Nýbyggingar hafa verið í algjöru lágmarki á Vestfjörðum, en árabílinu 2010-2014 voru byggðar um 50 íbúðir, eða að meðaltali um 10 á ári. Staðan hefur leitt til „eignaóttá“ sem birtist í því að nýbyggingar eru í lágmarki, tregðu við kaup eða sölu eigna og að eignir séu keyptar upp sem frístundarhús eða til ferðaþjónustu. Stærstu sveitarfélögin glíma einnig við skuldir frá fyrri tíð vegna félagslega húsnæðiskerfisins og eru því varfærin í að koma inn á markaðinn eins og sakir standa.

Ráðherra húsnæðismála hefur komið fram með frumvörp að umbótum í húsnæðismálum auk þess sem stjórnvöld hafa boðað aðgerðir til að auðvelda kaup á fyrstu fasteign. Nefndin telur mikilvægt að þetta mál verði tekið til nánari skoðunar. Því er lagt til að stofnaður verði starfshópur með fulltrúum sveitarfélaga, ráðuneyta, stéttarfélaga og stofnana. Hlutverk starfshópsins er að greina stöðu á markaði og vinna tillögur að úrbótum fyrir svæði eins og Vestfirði.

Menntamál

Uppbygging menntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi er grundvallaratriði fyrir samkeppnisstöðu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Hlutfall íbúa með einungis grunnskólapróf er með því hæsta á Vestfjörðum ásamt því að hlutfall karla með framhaldsmenntun er mjög lágt. Menntaskólinn á Ísafirði er mikilvægur í samfélagslegu tilliti og eini framhaldsskólinn á svæðinu sem er bæði með bók- og verknám. Verknámsnemendur eru um þriðjungur af nemendafjölda skólans og mikilvægt er að skólinn geti áfram boðið upp á fjölbreytt verknám. Mikilvægt er að reiknilíkan fyrir framhaldsskóla verði endurskoðað og sú endurskoðun geri ráð fyrir samfélagslegri sérstöðu skóla þar sem það á við hverju sinni.

Lagt er til að framlög til framhaldsskóla í iðnnámi og bóknámi verði tryggð þrátt fyrir tímabundna fækkun nemenda. Á sama hátt þarf að styrkja rekstur framhaldsskóladeilda sem reknar eru á Patreksfirði og á Hólmavík.

Starfsemi Háskólaseturs hefur haft sömu jákvæðu áhrifin á samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum og starfsemi Háskólans á Akureyri hefur haft þar. Starfsemin hefur byggst upp hægt en örugglega og er nú með kennslu á sviði meistaranáms með um 20 nema í árgangi, fjarnám með um 120 nema á ári og nýjar námsleiðir í þróun. Mikilvægt er að hlúa vel að starfseminni og gefa Háskólasetrinu svigrúm til að vaxa og dafna.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hefur náð til allra svæða á Vestfjörðum. Starfsemin hefur á síðustu árum ekki síst beinst að því að fá fólk án framhaldsmenntunar aftur til náms. Eins hafa verið þróuð námskeið fyrir nýjar atvinnugreinar eins og fiskeldi. Viðvarandi niðurskurður fjárlaga um margra ára skeið er nú kominn að þolmörkum sé horft fram til ársins 2017.

Heilbrigðis- og öldrunarþjónusta

Áhersla er lögð á að rekstri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða verði komið í ásætlanlegt horf og lokaátak verði gert í umönnun aldraðra. Góð og örugg heilbrigðisþjónusta er grunnurinn að blómlegu samfélagi. Það er lykilatriði fyrir íbúa að heilbrigðisþjónustan sé góð á viðkomandi svæði. Árið 2014 var öllum heilbrigðisstofnum á Vestfjörðum steipt saman í eina stofnun.

Vonir stóðu til að samnýta mætti betur sérfræðiþjónustu á svæðinu þannig að allir íbúar Vestfjarða fengju bætt aðgengi að sérfræðiþjónustu og barnshafandi konur að ljósmæðrum. Nefndin leggur því ríka áherslu á að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fái eðlilega fjármögnun til þess að geta veitt eðlilega og lögbundna heilbrigðisþjónustu á öllu svæðinu sem tilheyrir stofnuninni og gera verulegt átak til að þessir þjónustubættir sameiningar nái fram að ganga. Hér verði einnig tekið tillit til kostnaðar sem hlýst af slæmu samgöngukerfi á milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða s.s. lenging akstursleiðar yfir vetrartímann úr 178 km í 444 km. Einnig verði gert ráð fyrir því að stofnunin geti fylgt eftir ört vaxandi þjónustubörf í heilbrigðismálum, sem og þeirri uppbyggingu sem er hafin í atvinnulífnum m.a. vegna mikils fjölda ferðamanna. Stofnunin hefur þurft að ganga langt í sparnaði og aðhaldi til margra ára og þrátt fyrir miklar sameiningar og hagræðingu hefur það komið niður á ýmsum þáttum þjónustunnar.

Helstu þættir sem þrengt hefur að eru skortur á læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki til að sinna öllum byggðakjörnunum sem skyldi. Það er skortur á ljósmæðraþjónustu á öllu svæðinu, en sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem barnshafandi konur þurfa að leita til Reykjavíkur með fullnægjandi mæðraskoðun sérfræðinga. Sálfræðiþjónusta á vegum stofnunarinnar er einnig mjög takmörkuð.

Mörg tæki Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða eru því miður orðin mjög gömul og úr sér gengin þar sem ekki hafa verið til fjármunir til nauðsynlegrar endurnýjunar. Þjónusta við aldraða hefur batnað með nýjum hjúkrunarheimilum, nema á sunnanverðu svæðinu þar sem skortir verulega aðstöðu og bæta þarf heimahjúkrun. Komur sérfræðilækna til Vestfjarða eru fáar og í of fáum sérgreinum. Stofnunin hefur ekki haft burði til að bæta þar úr. Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða stendur frammi fyrir mikilli áskorun í krefjandi en spennandiverkefni. Án verulega aukinna fjármuna til reksturs Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða er ekki hægt að bæta úr þessu og hvað þá að auka þjónustuna eins og þörf er á.

Lagt er til að unnið verði að því að samþætta starfsemi heilsugæslu, heimahjúkrun og félagsþjónustu í Bolungarvík. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á húsnæði Ríkiseigna að Miðstræti 19 til að hýsa þjónustumiðstöð og flytja allar viðkomandi stofnanir á einn stað. Með því að samþætta betur heilbrigðisþjónustu þessara stofnana í Bolungarvík má ná fram aukinni þjónustu við íbúa á sama tíma og kostnaður mun lækka. Þjónusta starfsstöðvar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hólmavík er viðunandi sem stendur. Gæta verður að því að framlög til stofnunarinnar taki mið af dreifðri starfsemi þannig að íbúar geti treyst því að þeir standi jafnt gagnvart þjónustu heilbrigðiskerfisins.

Skattaumhverfi

Lagt er til tímabundið verkefni til allt að átta ára þar sem samskonar aðgerðir verði settar á og hefur verið gert í Norður-Noregi. Vísað er hér til vilja Alþingis í þessum efnum skv. samþykkt um stefnumótandi Byggyðaaætlun 2014-2017, tillaga 2.2. Stuðningur við einstaklinga, m.a. afsláttur af námslánum og lægra skattþrep og tillaga 2.3 Stuðningur við fyrirtæki m.a. lækkun tryggingargjalds.

Nefndin leggur til að settur verður á fót starfshópur fagráðuneyta og Byggyðastofnunar til að vinna að útfærslum í málinu. Mikilvægt er að þær útfærslur liggi fyrir vorið 2017.

Menning

Fjölbreytt og öflugt menningarlíf einkennir Vestfirði og eru bæði atvinnu- og áhugamenn virkir þátttakendur í því. Þátttaka í menningarviðburðum er góð en víða er markhópurinn sem sækir viðburði fámennur og of fáir einstaklingar sem bera menningarlífið á herðum sér. Á Ísafirði er menningarmiðstöð og þar er einnig starfandi listaskóli. Tónlistarskólar eru starfandi í öllum stærri sveitarfélögum og hefur tónlistarlífið verið öflugt, sbr. ímynd Ísafjarðar sem tónlistarbæjar.

Mörg verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum standa framarlega á landsmælikvarða. Þar má t.d. nefna Galdrasýningu á Ströndum, Skrímslasetur á Bíldudal og Melrakkasetrið í Súðavík. Aðeins þrjú viðurkennd söfn eru starfandi á svæðinu, Byggðasafn Vestfjarða, Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti og Sauðfjársetur á Stöndum. Fleiri hafa þó burði til að fá slíka viðurkenningu og fjölmörg önnur söfn og setur er að finna á svæðinu. Starfsemi þeirra flestra líður fyrir skort á rekstrarfjármagni og miklir möguleikar eru á að efla þau með tilheyrandi jákvæðum hætti á menningu og mannlíf.

Helstu hindranir fyrir eflingu menningarlífs á Vestfjörðum, auknu samstarfi og þátttöku, eru þær sömu og fyrir eflingu byggðar og atvinnulífs. Þar kemur einkum til skortur á fjármagni, slæmar samgöngur, brotalamir varðandi fjarskipti og nettengingar, hár rekstrar-, flutnings- og ferðakostnaður ásamt fólksfæð.

Efling innviða og fjölgun íbúa mun efla menningarlíf og menningartengda ferðaþjónustu en taka verður á fjármögnun menningarstarfs eftir áralangan samdrátt í þeim efnum. Gera má verulega bót í málaflokknum ef horft er til annars vegar stofn- og rekstrarstyrkja til menningarstofnana og hins vegar til starfsemi menningarmiðstöðva. Brjánslækur er fornt höfuðból og kirkjustaður við mynni Vatnsfjarðar, en reglulegar samgöngur eru yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi. Tækifæri eru í að byggja upp náttúru- og menningatengdan áningastað sem dregur fram sérstöðu Brjánslækjar, kynna á lifandi hátt til að tryggja góða umgengni og vernd til framtíðar. Slík uppbygging myndi stuðla að því að fólk kæmi gagnert til að skoða þá merku sögu sem Brjánslækur og nágrenni varðveitir.

Lagt er til að bætt verði við fjármuni í Uppbyggingarsjóð (innan Sóknaráætlunar Vestfjarða) í þrjú ár sem myndi síðan úthluta fjármagninu aftur í formi öndvegissstyrkja á grundvelli umsókna. Slíkt myndi hafa mikil og jákvæð áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu, atvinnu- og mannlífs á svæðinu. Um leið hefðu verkefni jákvæð áhrif á sjálfsmynd íbúa og ímynd fjórðungsins.

Bent er á að einnig er á Ísafirði starfandi öflug menningarmiðstöð, Edinborgarhúsið, sem nýtur ekki rekstrarstyrkja frá ríkinu eins og t.d. sambærilegar menningarmiðstöðvar á Austurlandi. Samræma þarf stuðning ríkisvaldsins við menningarmiðstöðvar á landsvísi með Austurland sem fyrirmynd, en þrjár menningarmiðstöðvar fyrir austan eru styrktar árlega með sérstökum framlögum til viðbótar við sóknaráætlanir landshlutans.

Málefni Árneshrepps

Árneshreppur hefur verið í sérstakri umræðu hjá FV og hvernig hægt væri að bregðast við þeirri stöðu sem þar er komin upp. Það er ljóst að sérúrræði þarf fyrir svæðið þar sem hefðbundnar byggðaaðgerðir ná ekki utan um vanda sveitarfélagsins. Umfangsmiklar samgönguframkvæmdir þarf til að rjúfa vetrareinangrun byggðarinnar og yrðu þær hluti af sértækri samgönguáætlun fyrir Vestfirði. Komi Hvalárvirkjun til framkvæmda er augljóst að slík framkvæmd myndi hafa gífurleg áhrif til bóta fyrir sveitarfélagið.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir kröfu um að fjármálaáætlun Alþingis 2018 – 2022 taki mið af málefnum Vestfirðinga og framtíðaráætlunum fjórðungsins, eins og þeim er list í minnisblaðinu, og koma fram skýrslum og stefnumótunarvinnu sveitarfélaganna á Vestfirðum.

Um leið óskar sambandið, fulltrúum fjárlaganefndar og öllum kjörnum fulltrúum Alþingis góðs gengis í þeirra störfum, með von um að fjórðungurinn verði þeim ofarlega í huga í leik og starfi.

Fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga,



Pétur G. Markan
Formaður Fjórðungssamband Vestfirðinga.

